

SAMTÖK ÍSLENSKR VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA
Association of Icelandic Stockbrokers

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/180 1996 996

komudagur 215 1996

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. um fjármagnstekjuskatt og vaxtatekjuskatt.

Vísað er til bréfa yðar frá 19. apríl 1996, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka íslenskra verðbréfafyrirtækja um eflirfarandi lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvarp um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (421. mál) og fylgifrúmvarp þess um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (422. mál).
2. Þingmannafrumvarp um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (428. mál) og fylgifrúmvarp þess um staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum (429. mál).

Í fyrri frumvörpunum tveimur er lagt til að skattlagning fjármagnstekna verði samræmd. Í þessu felst að lagður verði 10% skattur á vaxtatekjur og að skattur á arð, söluhagnað og leigutekjur verði lækkaður í 10%. Skattur af innlendum vaxtatekjum og arði verður innheimtur í staðgreiðslu en skattur af öðrum fjármagnstekjum verður lagður á samkvæmt framtali. Fjármagnstekjur lífeyrissjóða verða undanþegnar skattinum. Frumvörpin eru byggð á álit og tillögum nefndar um samræmda skattlagningu fjármagnstekna frá febrúar 1996. Skýrsla nefndarinnar er birt sem fylgiskjal með tekjuskattsfrumvarpinu.

Í síðari frumvörpunum tveimur er lagt til að vextir verði skattlagðir innan núverandi tekjuskattkerfis þó þannig að leyfi verði 40.000 kr. frítekjumark fyrir hvorn einstakling og að 60% af vaxtatekjum teljist til skattstofnsins. Þá er gert ráð fyrir að 25% af vaxtatekjum umfram frítekjumarkið verði innheimt í staðgreiðslu af bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum og fjárvörsluaðilum. Staðgreiðslan gengur síðan upp í álagðan skatt við álagningu.

1. Afstaða Samtakanna.

Samtök íslenskra verðbréfafyrirtækja leggjast alfarið gegn þeim hugmyndum sem fram koma í frumvörpunum um samræmdan fjármagnstekjuskatt annars vegar og sérstakan vaxtaskatt hins vegar og mæla eindregið með því að frumvörpin verði ekki afgreidd.

Skrifstofa samtakanna:

Samband íslenskra viðskiptabanka · Austurstræti 5 · 101 Reykjavík · Sími: 525 6075 · Fax: 525 6119

SAMTÖK ÍSLENSKRA VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

2

2. Rökin.

Samtökunum hefur verið kynnt umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um þessi frumvörp. Samtökin taka undir þau sjónarmið og ábendingar sem þar koma fram um áhrif á sparnað, vexti, fjárfloða og skattlagningu raunvaxta og samspil tekjutengingar í almannatryggingakerfinu og skatts á vaxtatekjur. Til viðbótar þessum atriðum leggja Samtökin áherslu á eftirfarandi rök í andstöðu sinni gegn þessum skattlagningarhugmyndum:

Skattlagning verðbréfasjóða.

Í frumvörpunum er lagt til að fjármagnstekjur verðbréfasjóða verði skattlagðar og að þar með teljist fullnægt skattskyldu hjá eigendum hlutdeildarskrteina í slíkum sjóðum. Þetta er frávik frá þeirri meginreglu frumvarpsins að endanlegir eigendur verðbréfa skuli skattlagðir. Að mati Samtakanna er hér um að ræða aðför að innlendum verðbréfasjóðunum. Þegar verðbréfasjóður stendur skil á skattgreiðslum sínum hverfur fjármagn úr sjóðnum. Það veldur lækkun á gengi hlutdeildarskrteina. Sú ávöxtun sem sjóðirnir sýna verður því ávöxtun eftir skatt. Þetta verður einstakt á fjármagnsmarkaðinum því allir aðrir fjárfestingarkostir munu sýna ávöxtun fyrir skatt. Ávöxtun hlutdeildarskrteina verðbréfasjóða verður því lægri en ávöxtun annarra fjárfestingarkosta sem skattinum nemur. Skiptir þá engu máli hvort þar er um að ræða önnur innlend verðbréf eða hlutdeildarskrteini erlendra verðbréfasjóða sem seld eru hér á landi. Allir eigendur hlutdeildarskrteina innlendra verðbréfasjóða munu bera þessa lakari ávöxtun, þ. á m. lífeyrissjóðir sem eiga að vera undanþegnir skattinum. Lífeyrissjóðirnir munu því að sjálfsögðu hætta að fjárfesta í hlutdeildarskrteinum innlendra verðbréfasjóða. Það er því niðurstaða Samtakanna að verði þessi tillaga um skattlagningu verðbréfasjóðanna að veruleika verði grundvellinum þegar kippt undan starfsemi þeirra.

Einu rökin sem færð eru fyrir þessari tillögu eru þau að almennt sé veruleg hreyfing á sjóðunum, bæði innlausn og kaup á bréfum. Því er talið að verðbréfasjóðir muni eiga auðveldara með árlegt uppgjör skattsins en einstaklingar. Að mati Samtakanna er eðlilegast að skattlagning hlutdeildarskrteina verðbréfasjóða byggist á sömu reglu og skattlagning kúlubréfa og að verðbréfafyrirtæki sem vörsluaðilar slíkra sjóða haldi eftir skattinum þegar þau eru innleyst, enda falla fjármagnstekjur af hlutdeildarskrteinum flestra verðbréfasjóða eigendum þeirra ekki í skaut fyrir en við innlausn. Þegar um er að ræða verðbréfasjóði þar sem eigendur hlutdeildarskrteina fá ávöxtunina greidda reglulega má nota sömu skattlagningarreglu og gildir um verðbréf þar sem vextir eru greiddir reglulega.

Samspil eignarskatts og vaxtatekjuskatts.

Í skýrslu nefndarinnar sem samdi frumvarpið er sýnt dæmi um þá miklu skattlagningu á raunávöxtun eignar sem hlýst af samspili almenns eignarskatts, sérstaks eignarskatts og fjármagnstekjuskatts. Í dæminu fer skattlagningin upp í 50,7%. Hér er einfaldlega of langt gengið. Tiltölulega hár eignarskattur hér á landi hefur verið réttlættur með því að vaxtatekjur væru skattfrjálssar. Að mati Samtakanna er því óhugsandi að tekinn verði upp skattur á vaxtatekjur án þess að eignarskatturinn verði endurskoðaður samtímis.

Í þessu sambandi leggja Samtökin einnig höfuðáherslu á að eignarskattur af hinum ýmsu peningalegu eignum verði samræmdur fari svo að tekinn verði upp

SAMTOK ISLENSKRA VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

3

skattur á vaxtatekjur. Sem kunnugt er njóta ríkisverðbréf og bankainnstæður eignarskattfrelsis en aðrar peningalegar eignir eru skattlagðar, þ. á m. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Í raun leggst skattur á vaxtatekjur ofan á eignarskattinn og samanburður á ávöxtun hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og ávöxtun ríkisverðbréfa og bankainnstæðna verður sjóðunum óhagstæðari en áður. Þegar saman fara skattur á vaxtatekjur og eignarskattur munu margir án efa fremur kjósa eignarskattfrjálsar eignir einfaldlega vegna þess að þeim ofbýður heildarskattlagningin á öðrum eignum. Þetta styður enn frekar þá kröfu Samtakanna að ekki verði tekinn upp skattur á vaxtatekjur án þess að eignarskatturinn verði endurskoðaður samtímis.


Innheimtukostnaður.

Í frumvörpunum felst að verðbréfafyrirtæki, rétt eins og önnur fjármálafyrirtæki og fjárvörsluaðilar, verða að taka á sig ýmsan kostnað vegna upptöku skatts á vaxtatekjur. Annars vegar er um að ræða kostnað vegna breytinga á tölvukerfum. Þau verða að geta meðhöndlað hvers konar verðbréf sem verðbréfafyrirtæki hafa í fjárvörslu, reiknað skatt af tekjum af þeim og haldið utan um skil á afdregnum skatti til skattyfirvalda. Kostnaður verðbréfafyrirtækjanna af þessum breytingum liggur ekki fyrir en ætla má að hann nemi milljónum króna. Hins vegar er um að ræða kostnað vegna þess að afgreiðsla verður flóknari og þar af leiðandi hægari en áður. Bæði munu einstaklingar leita eftir upplýsingum um skattinn og verðbréfafyrirtækin verða að afla upplýsinga um og skrá söluverð þeirra verðbréfa sem tekin eru í fjárvörslu þannig að skatturinn verði rétt dreginn af.

3. Niðurlag.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og þess að skattur á vaxtatekjur gefur af sér tiltölulega litlar tekjur fyrir ríkissjóð er því beint til efnahags- og viðskiptanefndar að hún kanni vandlega hvort ekki kunnir að vera vænlegra að samræma skattlagningu peningalegra eigna fremur en að taka upp skatt á vaxtatekjur. Einn af kostunum við þessa leið er að lipurt kerfi fyrir innheimtu eignarskatts er þegar til staðar þannig að enginn kostnaðarauki felst í þessari leið.

Virðingarfyllst,



Gunnar Helgi Hálfidmarsson,
varaformaður